

# Fundargerð 132. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 10. mars kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálu, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Hvert skal haldið - grein Helga Grímssonar í Skólaþráðum - 2102022SA

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Rvk. kom á fund nefndarinnar og fylgdi eftir hugmyndum sínum um skipan stuðnings við markvissa skólaþróun og ábyrgð og hlutverk ólíkra aðila í því samhengi. <https://skolathraedir.is/2021/01/07/hvert-skal-halidid-hugleiding-um-skipan-studnings-vid-markvissa-skolathroun/>. Nú þegar 25 ár eru liðin frá yfirfærslu grunnskóla frá ríki til svf. þarf ríki og sveitarfélög, stofnanir og aðrir forsvarsmenn fræðslumála að samhæfa krafta sína í þágu framfara í skólakerfinu. Enginn hefur yfirsýn eða fyrisvar varðandi skólaþróun, skipan skólaþjónustu og samtal um framtíðarsýn fyrir skólakerfin. Þessu þarf að breyta og brýndi hann m.a. sambandið til góðra verka um leið og hann setti spurningarmerki við raunverulegt umboð þess f.h. allra sveitarfélaga í landinu. Skilgreina þyrfti með skýrum hætti, og í samtali, ábyrgð og skyldur aðila.

*Fræðslumálanefnd þakkaði sviðsstjóra SFS fyrir að vekja máls á þessum brýnu málefnum. Sambandi mun taka áfram þessar hugleiðingar og spurningar hans áfram, þær væru góður og málefnalegur grunnur að frekari umræðu milli ríkis og svf., milli svf. innbyrðis og við stofnanir menntakerfisins. Áriðandi væri að stilla betur saman strengi í þessu fámenna samfélagi og hagnýta bæði fjármuni og mannauð með skilvirkari hætti.*

### 2. Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins - 2009059SA

Komin eru drög að inngangi skýrslu starfshópsins og er áætlað að starfshópurinn skili af sér í byrjun apríl þegar kostnaðarmat tillagna liggur fyrir. KEF greindi frá störfum starfshópsins og ríkir almenn sátt um þær tillögur sem lagðar eru fram. Starfshópurinn leggur ekki til að lög nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu

kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla verði endurskoðuð.

Fræðslumálanefnd telur tillögurnar til þess fallnar að styrkja leikskólastigið og bæta starfsumhverfi starfsfólks leikskóla. Lagði nefndin áherslu á til þess að ná því markmiði laga nr. 95/2019, um að 2/3 hlutar starfsfólks leikskóla sem sinnir uppeldi og menntun hafi meistaragráðu, þurfi að koma til markmiðsbundin aðgerðaáætlun er lýsi því hvernig það skuli gert. Grundvallaratriði væri að aðgerðum fylgdi fjármagn og var minnt á kostnaðarmat það sem unnið var í kringum lagasetninguna 2008.

### **3. Samræmd próf - 2009074SA**

Samræmt próf í stærðfræði í 9. bekk fór fram sl. mánudag. Prófafyrirlögn misfórst vegna "ófullnægjandi prófakerfis" að sögn forstjóra MMS. Fræðslumálanefnd ræddi málið og möguleg næstu skref með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. MMS boðaði til samráðsfundar í morgun, miðvikudag, þar sem málin voru reifuð og leitað sjónarmiða um hagfelldustu niðurstöðu fyrir skólana.

Fræðslumálanefnd var sammála um það að gera skyldi prófin valfrjáls fyrir nemendur, líkt því og gert var 2018 þegar þau fóru síðast úrskaiðis, og hafa próftökugluggann lengri. Ekki mætti setja skipulegt skóla- og félagsstarf 9. bekkinga í uppnám næstu 2 vikur, virða þyrfti skólalagatal. Eftirfarandi bókun var gerð:

Fræðslumálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir vonbrigðum með framkvæmd og fyrirlagningu samræmds prófs í 9. bekk mánudaginn 8. mars sl. Mikilvægt er að leitað verði lausna á þeirri stöðu sem upp er komin með hagsmuni og réttindi nemenda að leiðarljósi í góðu samstarfi aðila skólasamfélagsins. Þá hvetur fræðslumálanefndin til þess að vinna við framtíðarskipan samræmds námsmats verði tekin föstum tókum og byggt á tillögum starfshóps um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Taka þarf ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag, tryggja fjármagn til þeirra breytinga með fullnægjandi hætti og vanda allan undirbúning. Tryggja þarf hagsmuni nemenda og ótækt að þeim sé boðið upp á jafn ótryggar prófaaðstæður og raun bar vitni. Nú er rétti tíminn til að stíga ákveðin skref í átt að bframtíðarfyrirkomulagi í breiðri sátt á grundvelli þeirra tillagna sem menntamálaráðherra hefur fengið í hendur.

### **4. Endurnýjun samkomulags um tónlistarfræðslu - 2102017SA**

Samkomulag um tónlistarfræðslu rennur út í lok þessa árs. Guðjón Bragason greindi frá viðræðum um framlengingu samkomulagsins. Ekki er gert ráð fyrir inntakslegum breytingum en áhersla sambandsins er á að fjárframlög ríkisins fylgi launapróun svo reksturinn verði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélög. Stefnt er að því að samkomulagið gildi til tveggja ára.

Fræðslumálanefndin var sammála því að ekki væri ástæða til þess að endurskoða samkomulagið á þessum tímipunkti en mikilvægt væri að taka það til gagngerrar endurskoðunar á næsta kjörtímabili og koma því í eðlilegri og varanlegan farveg.

### **5. Menntamiðja 2021-2025 - 2101026SA**

Menntamiðja er gátt að starfsþróun kennara, stjórnenda og annars starfsfólks í menntakerfinu. Sambandið var stofnaðili Menntamiðju árið 2012 og nýverið var

fjölgað í eigendahópnum þegar að HA, HR og LHÍ bættust í hóp menntamálaráðuneytis, MVSV, KÍ, SFS og sambandsins. Ný heimasíða var opnuð á dögnum Þórður Kristjánsson sagðifrá helstu áformum og verkefnum.

*Fræðslumálanefnd lýsti yfir ánægju sinni með framþróun þessa vettvangs skilgreinds hlutverks í starfsþróunamálum. Taka þyrfti mið af Menntamiðju í umræðu um framtíðarskipan skólabjónustu vegna starfsþróunar.*

#### **6. Menntamálastofnun 2020-2025 - 2010012SA**

Sambandið og Menntamálastofnun eiga með sér reglubundna samráðsfundi og var sá 5. haldinn 25. febrúar sl. Fundargerðir 4. og 5. samráðsfundar lagðar fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 14:30

---

Einar Már Sigurðarson

---

Helgi Arnarson

---

Herdís Ásu Sæmundardóttir

---

Skúli Þór Helgason

---

Anna Birna Snæbjörnsdóttir